

Fréttir af RTR

Ráðið í RTR hjá Glitni

Ráðið hefur verið í RTR starfið í Glitni sem auglýst var laust frá 1. apríl. Tryggvi Garðarsson var ráðinn í starfið og hefur verið í þjálfun vegna þess síðastliðna viku. Við óskum Tryggva velfarnaðar í nýju starfi.



Laust RTR hjá félagsþjónustunni

Ráðið verður í RTR starfið hjá Félagsþjónustunni í Síðumúla frá og með 19. apríl. Frestur til að sækja um rann út 4. apríl og mun verða rætt við áhugasama umsækjendur 7. apríl, en alls sóttu fjórir um starfið. Starfið felst í móttöku viðskiptavina, símsvörun, skjalavörslu, undirbúning fundu og umsjón með kaffistofu starfsmanna. vinnutími er frá 09.00 til 15.00.

Enn stendur yfir athugun á stöðu RTR starfs Geysis í félagsmálaráðuneytinu. Vilji er til að halda áfram samstarfinu við ráðuneytið af beggja hálfu. Í byrjun apríl liggja fyrir hverjar áherslubreytingar munu eiga sér stað varðandi starfið. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast vel með þegar starfið verður auglýst.



Kynningar fyrir nýja félaga er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00

Klúbburinn Geysir er opin allra virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

Fram undan í apríl

Fimmtudagur 6. apríl

Opið hús til kl. 20.00
Allir að mæta

Laugardagur 15. apríl

Þáskamáltíð
Kl: 10.00 - 14.00

Miðvikudagur 26. apríl

Námskeið í markmiðssetningu
Kl: 08:30-12:30

Fimmtudagur 27. apríl

Gönguferð að hætti Geysis.
Brottför frá klúbbnum 16.00

Gleðilega páska

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félaga til að mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru nú á breyttum tímum.
Mánudaga kl. 09:00 og miðvikudaga kl. 14:30. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

4. tölublað, apríl 2006

Litli Hver

Enggårdenfélagar í heimsókn

Tveir Starfsmenn og tveir félagar frá Enggården klúbbnum í Danmörku heimsóttu Geysi dagana 17. til 19. mars. sl. Enggården klúbburinn er eini Fountain house klúbburinn í heiminum sem starfræktur er á sveitabæ og er þar af leiðandi um margt ólíkur klúbbum sem starfræktir eru í borgum. Það var einkar ánægjulegt að kynnast þessum félögum okkar og leitast við að gera þeim ferðina eftirminnilega. M.a fóru þeir í Kringluna og heimsóttu Gullfoss og Geysi og að lokum í Bláa lónið í fylgd nokkurra félaga og starfsmanns Klúbbsins Geysis. Þau létu mjög vel af ferðinni og báðu um góðar kveðjur til allra í Geysi.



Heldur lágskýjað var og útsýni takmarkað þegar komið var að Gullfossi, en rættist úr síðar um daginn. Á myndinni má sjá ferðalangana á leið að fossinum.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Vorferð til London

Mjög góðar undirtektir voru við Londonferðinni sem farin verður 10. til 14. maí nk. Búið er að loka skráningarlistanum, en alls munu sautján félagar og tveir starfsmenn fara í ferðina. Þeir félagar sem eiga eftir að athuga hvort vegabréf þeirra séu gild er bent á að ganga frá þeim málum hið fyrsta. Einnig er rétt að minna á ferða- og farangurstryggingar og öðrum atriðum varðandi heilsufarslegt öryggi



Stóri Benni eitt höfuð aðráttar-afl London

Markmiðssetningar

Námskeið um markmiðssetningar verður miðvikudaginn 26. apríl kl. 08.30—12.30. Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. mun halda námskeiðið sem er ókeypis og verður haldið í Klúbbnum Geysi. Listi fyrir skráningu hangir frammi í móttökunni.

Ingrid er Klúbbnum Geysi að góðu kunn, en hún hefur áður haldið námskeið í klúbbnum. Skorað er á alla að skrá sig á námskeiðið.



Myndin er tekin á námskeiði sem Ingrid Kuhlman hélt í Geysi árið 2004 um atvinnuþátttöku og gerð ferilskráa

Geysir fær Leonardóstyrk

Föstudaginn 24. mars síðastliðinn tilkynnti Landsskrifstofa Leonardó á Íslandi að Klúbburinn Geysir fengi úthlutað 6.400.– evrum. Styrkurinn mun verða notaður til að fjármagna ferð tveggja starfsmanna, tveggja féлага og stjórnarmanns í þriggja vikna þjálfunarbúðir í Mósaík klúbbhúsinu í London, Englandi.

Markmiðið með ferðinni er að efla og styrkja starfsemi Geysis. Félagar Geysis þakka að sjálfsögðu Landsskrifstofu Leonardó fyrir að hafa úthlutað til þessa mikilvæga verkefnis.

Skráningarfrestur vegna þjálfunar rennur út 10. maí.

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga að taka þátt í þriggja vikna æfingarbúðum að skrá sig. Mósaík klúbbhúsið í London er eitt af ellefu klúbbhúsum í heiminum sem jafnframt eru þjálfunarbúðir. Í þessari ferð mun félögum því gefast einstakt tækifæri til þess að kynna sér starfsemi í öflugu klúbbhúsi. Æskilegt er að viðkomandi geti skilið og tjáð sig á ensku.

Stjórnarfundur í Geysi

Stjórnarfundurinn var haldinn í Geysi 28. mars sl. Hallgrímur Gunnarsson var kosinn nýr stjórnarformaður í stað Jóhönnu Maríu Eyjólfsdóttur sem voru þökkuð farsæl störf í þágu klúbbsins.

Ársreikningur vegna 2005 var lagður var fram og hann samþykktur. Meðal annarra mála er komu til kasta fundarins var stefnumótunardagur, aðstandendadagur, starfsmannamál vegna sumarleysinga, og lyftumál. Fundurinn var mjög vel sóttur og upplýsandi.

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagur

1. mars: Rætt var um vorferð til London. Minnt var á leikhúsfærð.

Mánudagur 6. mars:

Efla þarf úthringingar. Minnt á ferð í Bláa Lónið og

að greiða þurfi fyrir leikhúsmiða. Greiða þarf staðfestingargjald fyrir Londonferð.

Miðvikudagur 8. mars: 21 búinn að skrá sig í Londonferð. Staðfestingargjald greiðist í síðasta lagi föstudaginn 10. mars.

Félagar hvattir til að mæta í Bláa Lónið á fimmtudag. Hægt er að fara bara í matinn fyrir leikhúsfærð. Samráðsfundur verður í klúbbnum Geysi síðasta föstudag í mars.

Mánudagur 13. mars: Mikil umræða hvort leigja megi út húsbúnað í klúbbnum Geysi og var því hafnað. Klúbburinn er ekki veisluþjónusta af neinu tagi. Miðvikudag 26. apríl f.h. verður Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. með námsskeið um markmiðssetningu.

Miðvikudagur 15. mars: Fundur í Rauða-Kross húsinu verður á mánudag í sambandi við íþróttir. Fjórir Danir frá Enggárden koma í heimsókn á föstudag og verða hér til sunnudags. Spurt var um hvenær fólk ætlaði að hittast í Alþjóðahúsi fyrir leiksýninguna. Mæta þarf um klukkan 18:00. Sex búnir að skrá sig á ræðunámskeið. Benni greindi frá því að 19 félagar væru búnir að staðfesta hjá Iceland Express. Næsta skref er að ganga frá herbergjum fyrir hópinn. Magga talaði um að umgengnin inni í reykherbergi væri ekki nógu góð. Líflugar umræður voru um hugsanlegar leiðir til úrbóta. Gsm símar hringdu þrisvar sinnum á fundinum. Fólk hvatt til að hafa slökkt á sínum þegar húsfundur stendur yfir.

Mánudagur 20. mars: Spurt var um fundinn hjá Rauða Krossinum og Kristinn fór yfir efni fundarins, þ.e. um að hvetja til hreyf-



Myndin er tekin á húsfundi í Geysi.

ingar geðsjúkra. Benni sagði frá heimsókn Dana frá Enggárden. Ferðalag á laugardag tókst vel og Klúbburinn færði Enggárden ljósmyndabók um Ísland í kveðjugjöf.

Miðvikudagur 22. mars: Tilkynntar tillögur ICCD að breytingum á viðmiðunarreglum nr. 17, 25, og 28. Fundurinn lagði blessun sína yfir breytingarnar og taldi að þær yrðu til bóta. Rætt var um eldvarnir vegna elds sem varð laus í rusladalli í reykherbergi. Rætt um viðbrögð og áréttað að fólk taki mark á brunakerfinu þegar það fer í gang. Lagt til að halda skyndihjálpar- og eldvarnarnámskeið fyrir féлага og starfsfólk. Rætt um að marka stefnu vegna gjafa sem klúbbnum berst. Tilkynnt að Tryggvi var ráðinn í RTR starf Glitnis.

Mánudagur 27. mars: Tilkynnt um boðun stjórnarfundar 28. mars. Áframhaldandi umræða um gjafir til klúbbsins. Að með fylgi gjafabréf og ræða hverja gjöf sérstaklega á fundi.

Miðvikudagur 29. mars: Rætt um afleysingar vegna sumarleyfa starfsmanna. Rætt um hvort hækka eigi verð á hádegismat, eða kaffinu. Klúbburinn fékk styrk frá Leonardó áætlan ES til þess að fara í þjálfun í sumar. Rætt um að hafa stefnumótunarfund.

Munum eftir páskamáltíðinni

Laugardaginn 15. apríl verður árleg páskamáltíð snædd í klúbbnum. Húsið er opnað kl. 10.00 og lokað kl. 14.00. Tökum öll þátt í undirbúningum og borðum svo saman.

Ath! Nauðsynlegt er að félagar sem vilja taka þátt skrái sig á auglýsingu í móttökunni. Gleðilega páska

Hugarflug í maí!

Tilgangurinn er að fá féлага, stjórnarmenn og starfsmenn til þess að greina styrkleika, veikleika, óghanir og tækifæri klúbbsins. Niðurstaða hugarflugsins verður síðan dregin saman og notuð til þess að vinna að stefnumótun fyrir klúbbinn. Nánar auglýst síðar.